

ildarríkjum að menningarsáttmála Evrópu og sérhverju ríki sem gerst hefur aðili að samningi þessum:

- a. sérhverja undirritun samkvæmt 12. gr.;
- b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals samkvæmt 12. eða 14. gr.;
- c. sérhvern gildistökudag samnings þessa samkvæmt 13. og 14. gr.;
- d. sérhverjar upplýsingar sem sendar eru samkvæmt ákvæðum 7. gr.;
- e. sérhverja skýrslu sem gerð er samkvæmt ákvæðum 10 gr.;
- f. sérhverja tillögu um breytingu eða sérhverja breytingu sem samþykkt er samkvæmt 11. gr. og dagsetningu gildistöku breytingarinnar;
- g. sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt ákvæðum 15. gr.;
- h. sérhverja tilkynningu samkvæmt ákvæðum 16 gr. og dagsetningu gildistöku uppsagnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 19. ágúst 1985 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins, aðildarríkja að menningarsáttmála Evrópu og ríkja sem boðið hefur verið að gerast aðilar að samningi þessum.

Council of Europe, the other States party to the European Cultural Convention and any State which has acceded to this Convention, of:

- a. any signature in accordance with Article 12;
- b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with Article 12 or 14;
- c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 13 and 14;
- d. any information forwarded under the provisions of Article 7;
- e. any report established in pursuance of the provisions of Article 10;
- f. any proposal for amendment or any amendment adopted in accordance with Article 11 and the date on which the amendment comes into force;
- g. any declaration made under the provisions of Article 15;
- h. any notification made under the provisions of Article 16 and the date on which the denunciation takes effect.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 19th day of August 1985, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to each State party to the European Cultural Convention, and any State invited to accede to this Convention.

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á samstarfssamningi Norðurlanda.

Hinn 12. febrúar 1986 öðlaðist gildi samkomulag frá 6. maí 1985 um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda frá 23. mars 1962, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1985 þar sem samkomulagið er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. febrúar 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.